



## Leiðbeinandi tilmæli

um umsagnir hagaðila í tengslum við markaðsgreiningar

### 1. gr.

#### *Markmið*

Markmið tilmæla þessara er að efla rannsókn og gagnaöflun vegna markaðsgreininga, gera hana skilvirkari, hnitmiðaðri og stytta málsmeðferðartíma. Liður í þessu er að auka skýrleika og framsetningu umsagna, sem ætti að minnka vinnu allra aðila, bæta skipulag vinnunnar og utanumhald málgagna.

### 2. gr.

#### *Skýrleiki umsagna*

Texti umsagna skal vera hnitmiðaður og skýr. Forðast skal endurtekningar á sömu eða svipuðum atriðum umsagnar.

### 3. gr.

#### *Form og uppbygging umsagna*

Umsögnum skal skilað í einu skjali, skipt í almennan hluta og sérstakar athugasemdir. Varðandi sérstakar athugasemdir skal vísað í tiltekna og tölusetta málgreinar markaðsgreiningarinnar. Í þeim tilvikum þar sem erfiðleikum er bundið að vísa til tiltekinnar málgreinar má vísa til tiltekins kafla greiningarinnar.

Í lokin skal koma fram stutt samantekt um helstu efnisatriði umsagnarinnar.

Afhenda skal eintak af athugasemdunum í Word-skjali.

### 4. gr.

#### *Fylgigögn*

Ef fylgigögnum er skilað með meginathugasemdashjalinu skal geta um efnisatriði fylgigagna í meginmáli umsagna.

Atriði í fylgigögnum sem ekki eru tilgreind í meginmáli umsagna verða ekki tekin til greina.

Vinnugögn umsagnaraðila skulu ekki fylgja með til fyllingar á umsögn hans, heldur skal efni þeirra fært inn í meginmál umsagna.

5. gr.

*Réttleiki og nákvæmni gagna*

Mikilvægt er að upplýsingar sem umsagnir byggjast á eða vísað er til séu réttar og uppfærðar til samræmis við síðustu fyrirleggjandi forsendur/viðmið. Fjarskiptastofa getur kallað eftir því að umsagnaraðili staðfesti réttleika tiltekinna upplýsinga eða gagna sem vísað er til.

6. gr.

*Upplýsingagjöf á málsmeðferðartíma*

Fjarskiptastofa getur kallað eftir frekari upplýsingum á málsmeðferðartíma eins og stofnunin telur þörf á. Leitast Fjarskiptastofa þá við að gera það með skipulögðum hætti og gæta þess að slík upplýsingasöfnun tefji greiningu ekki með óeðlilegum hætti.

7. gr.

*Tilgreining trúnaðarupplýsinga*

Tilgreina skal það sem óskað er trúnaðar á innan hornklofa og yfirstrika með gulum lit, eða á annan skýran hátt. Fjarskiptastofa tekur afstöðu til beiðna um trúnað í samræmi við gildandi lög og reglur þar um.

Aðilar skulu einnig skila inn eintaki án trúnaðarupplýsinga.

8. gr.

*Umsagnir frá umboðsaðila*

Berist umsögn frá umboðsaðila í nafni tiltekins hagaðila skal umboð til slíks fylgja með.

9. gr.

*Tungumál umsagna*

Íslenska er tungumál stjórnslu Fjarskiptastofu. Tilteknar stuttar tilvísanir í umsögnum geta þó verið á öðru tungumáli. Fjarskiptastofnun getur þó óskað eftir þýðingu á slíkum tilvísunum ef hún telur þörf á því. Meginmál umsagnar skal vera á íslensku og öll fylgigögn hennar, s.s. álitsgerðir skrifaðar af erlendum sérfræðingum.

10. gr.

*Ósk um úrbætur*

Fjarskiptastofa áskilur sér rétt til að óska eftir því að umsagnaraðili geri úrbætur á umsögn sinni, ef hún er í verulegum atriðum í ósamræmi við kröfur tilmæla þessara.

11. gr.

*Birting umsagna*

Þegar umsagnarferli er lokið skal Fjarskiptastofa birta umsagnir aðila án trúnaðarupplýsinga svo fljótt sem verða má.